



Umhverfis- og skipulagssvið
Reykjavíkurborgar



Göngugötur í Reykjavík

Meirihluti íbúa í Reykjavík er verulega jákvægður gagnvart göngugötum í miðborginni samkvæmt nýrri viðhorfsskönnun

Hugmyndaleit um Hlemmsvæðið

Nýlega var efnt til hugmyndaleitar um endurgerð Hlemmsvæðis og voru tvær stofur valdar til að vinna áfram að verkefninu

Gufunes, fyrsti áfangi deiliskipulags

Skipulagssvæðinu er skipt upp í fimm hverfi, hvert með sitt sérkenni þar sem er skert á andstæðum þeirra milli hverfa

Leiðari

Í höfuðborginni er mólendi og votlendi, vötn, ár, strendur og fjörur. Fyrir vikið er fjölbreytni mikil í lífríkinu. Allt er þetta mjög aðgengilegt og nálægt borgarbúum, það þarf því ekki að fara langt til að sjá og upplifa. Í sumar stóð fræðslu-átakið Reykjavík – iðandi af lífi fyrir náttúrugöngum í borginni til að rækta samband borgarbúa við náttúruna.

Farið var í fuglaskoðun við Elliðavatn en þar mátti m.a. sjá himbrima og einnig hreiður flórgoða. Gengið var um Viðey í annarri skoðunarferð. Gengið var um Elliðaárdal þar sem boðið var upp á heimspekilega umræðu um gildin í náttúrunni.

Fræðsluátakið Reykjavík – iðandi af lífi snýst um náttúru borgarinnar en sérstaklega lífríkið. Þar er sjónum sérstaklega beint að að dýrum og plöntum sem lifa í borginni. Markmiðið er að benda fólki á að njóta náttúru borgarinnar.

Það er heilmikil náttúra í borginni sem er bæði merkileg og falleg og áhugaverð út frá ýmsum sjónarhornum. Til dæmis eru á stóru grænu svæðum borgarinnar fjölbreytt búsvæði fyrir bæði dýr og plöntur sem og aðrar lífverur.

Í borginni er bæði náttúra sem er nokkuð upprunaleg og svo náttúra sem er meira mótuð af manninum, til dæmis þar sem er sérstaklega ræktaður gróður, sem víða er orðinn mjög gróskumikill og jafnvel farinn að mynda heilu skógana. Allt er þetta mjög aðgengilegt og nálægt borgarbúum, það þarf ekki að fara langt til að sjá og upplifa svæði eins og Elliðaárdal, Elliðavatn, Viðey, Öskjuhlíð, Fossvoginn, Grafarvoginn, Heiðmörk, Rauðavatn og fleiri.

Fólk er yfirleitt mjög duglegt að heimsækja og njóta slíkra svæða í borginni og nýtir þau svæði fyrir hverskonar útivist, og einnig bjóða ýmsir aðilar upp á fræðsluviðburði á þeim á höfuðborgarsvæðinu, Háskóli Íslands, Ferðafélag Íslands, Fuglavernd og fleiri aðilar. Skólararnir nota þessi svæði mjög mikið, ekki síst leikskólarnir.

Þetta skiptir miklu máli fyrir alla borgarbúa, að hafa návígi ekki aðeins við græn og opin svæði, heldur líka villta náttúru þar sem er dýralíf. Þar sem svo stór hluti þjóðarinnar býr í borginni þá skiptir máli að borgin sé rík af náttúrusvæðum sem eru íbúunum aðgengileg.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur reglulega látið gera könnun á fjölda heimsóknna á útivistarsvæði í Reykjavík. Þar kemur fram að Laugardalurinn er mest sóttá útivistarsvæðið. Tjörnin og Elliðaárdalur fylgja fast á eftir og þá Öskjuhlíð, Nauthólsvík og Heiðmörk. Einnig má nefna að Fossvogsdalur og Úlfarsárfell njóta vinsælda.

Reykjavík hefur þann kost að vera borg þar sem stutt er til sjávar, sveita og til fjalla. Skiðasvæði eru í nálægð við borgina og víða hafa borgarbúar búsetu við ströndina og stutt í fjörur. Það ætti því að vera nokkuð gott að efla sambandið við náttúruna fyrir borgarbúa.

Gunnar Hersveinn Sigursteinsson

Mannlíf

Yfirgnæfandi ánægja með göngugötur í Reykjavík

Meirihluti íbúa Reykjavíkur er verulega jákvæður gagnvart göngugötum í miðborginni, samkvæmt nýrri viðhörfskönnun

Maskína ehf. framkvæmdi annað árið í röð könnun meðal íbúa Reykjavíkur á viðhorfi til göngugatna í miðborginni. 71% svarenda segjast nú jákvæðir gagnvart göngugötunum en 11% eru neikvæðir.

Jákvæðnin eykst eftir því sem fólk kemur oftar á göngugötusvæðið og eins í síðustu könnun eru íbúar í Miðborg og Hlíðum jákvæðastir allra. Ekki er mikill munur á afstöðu kynjanna til göngugatna þó eru fleiri karlar sem eru mjög jákvæðir heldur en konur.


Alls telja 77% íbúa að göngugöturnar hafi jákvæð áhrif á mannlífið í miðborg-

inni en 8% telja að þær hafa neikvæð áhrif.

Eftirfarandi götum hefur verið breytt í göngugötur undanfarin ár: Laugavegi og Bankastræti, milli Vatnsstígs og Þinghólsstrætis. Skólavörðustíg milli Bergstaðastrætis og Laugavegar. Austurstræti, Veltusundi og Vallarstræti. Pósthússtræti, milli Kirkjustrætis og Hafnarstrætis.

25% vilja göngugötur allan ársins hring

Aðspurðir um tímabil göngugatna, frá 1. maí til 1. október, segja tæplega 40% að tímabilið sé hæfilega langt, 30%



Laugavegur

vilja lengja tímabilið og 30% vilja stytta það. Mun fleiri en áður vilja göngugötur allt árið eða 25% svarenda en var 12% í fyrra, en tæplega 5% segjast alfarið á móti göngugötum, sem er sama hlutfall og í síðustu könnun.

Könnunin fór fram á netinu dagana 26. júlí til 22. ágúst. Svarendur voru alls 768, af báðum kynjum á aldrinum 18–75 ára úr öllum hverfum borgarinnar. Skýrslan hefur verið kynnt í skipulags- og samgönguráði Reykjavíkurborgar sem fylgdi því eftir með samhljómandi bókun: *Fulltrúar ráðsins lýsa ánægju með niðurstöður skýrslunnar. Skýrslan sýnir stöðugleika milli ára og áframhaldandi ánægju meirihluta borgarbúa með fyrirkomulagið. Það vekur athygli að eingöngu 11% borgarbúa lýsa óánægju með göngugötur. Ráðið mun vinna áfram að þróun verkefnisins en hafa í huga sveigjanleika með hliðsjón af sértækum þörfum. Markmiðið verði ætíð að bæta mannlíf og skapa áfram mannvænt umhverfi í miðborg.*

Skólavörðustígur, milli Bergstaðastrætis og Laugavegar



Jákvæðir gagnvart göngugötunum

71%

Göngugötur hafa jákvæð áhrif á mannlífið

77%

Hugmyndaleit um Hlemmsvæðið



Tillaga Mandaworks að skipulagi svæðis


**Reykjavíkurborg efndi til hugmynda-
leitar um endurgerð Hlemmsvæðis.
Þrjár stofur voru valdar til að spreyta
sig á svæðinu og voru tvær þeirra
valdar til að vinna áfram að verkefninu
út frá nýju deiliskipulagi**

Matsnefndin taldi tillögur frá Mandaworks og DLD feikilega góðar en tillögur þeirra spila vel saman og má segja að það sem aðra skortir bæti hin upp. Ákveðið var því að freista þess

að stofna til samstarfs milli þeirra um hönnun á torginu út frá forsendum deiliskipulags sem verður unnið á grunni tillagna hugmyndalearinnar.

Tillaga Mandaworks er sannfærandi og djörf. Hún gripur andann á Hlemmi sem nútímalegt borgarumhverfi. Í tillögunni er mikill leikur og sögulegar tengingar vel útfærðar með Rauðaránni sem læðist upp í gegnum gangstéttina sem gufa. Rýmismyndun er góð. Það er mikill kostur að raða hýsunum við norðurenda torgsins sem myndi styrkja götumynd Hverfisgötu. Tillagan ætti að gefa fólki ástæðu til að staldra við á svæðinu. Hún dregur líf og leik inn á svæðið sem er mjög áhugavert og þarft.

Tillaga DLD er hlý, nærgætin og umbreytir útliti svæðisins. Hún er sannfærandi og lífleg og styrkir svæðið fyrir



viðburði og sem stað til að staldra við eða dvelja á.

Nefndin telur að tillögur Mandaworks og DLD séu sterkar saman og vegi hvor aðra upp. Mandaworks fangar andann á Hlemmi og er úthugsuð með tilliti til umferðarflæðis og styrkir þá ása sem mikið eru nýttir í dag. Hinsvegar skortir upp á hýleika og gróður en þar liggur

styrkleiki tillögu DLD og einnig má nefna að teymi DLD leysir væntanlegar Borgarlínustöðvar á einstaklega faglegan hátt.

Stefnt er að því að vinna við nýtt deiliskipulag hefst í haust og hönnunarvinna hefst þá í framhaldinu.

Samgöngutalning við Hlemmtorg

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar lét af þessu tilefni framkvæma samgöngutalningu við Hlemmtorg núna í sumar. Talningar fóru fram valda daga í júní, júlí og ágúst, einn dag í hverjum mánuði. Talið var fjórum sinnum yfir daginn, tvo tíma í senn, frá 8 að morgni til 9 að kvöldi. Einungis var talin umferð inn á torgið til að koma í veg fyrir tvítalningu.

Niðurstöður talninga gefa sterklega til kynna að daglega á milli klukkan 8 og 21 gangi allt að 23 þúsund vegfarendur inn á Hlemmtorg, 1.400 manns hjóli og 7 þúsund bílar aki. Samtals eru því um fleiri en 30 þúsund manns sem fara gangandi, hjólandi eða akandi um Hlemmtorg dag hvern. Nefna má, til að setja tölurnar í samhengi, að 18 þúsund manns búa í Grafarvogi og um 26 þúsund á Suðurlandi.

Þessar talningar verða notaðar við endurhönnun svæðisins og gerð deiliskipulags sem er að fara í gang. Vinna við nýtt deiliskipulag hefst í haust og hönnunarvinna þá í framhaldinu. Talningarverkefnið við Hlemm verður jafnframt endurtekið núna í haust. Sambærileg talning verður gerð aftur eftir breytingu torgsins m.a. til að bera saman við eldri niðurstöður.



Nýtt skipulag í Gufunesi

Svæðinu er skipt upp í fimm mismunandi hverfi hvert með sitt sérkenni. Skerpt er á andstæðum hverfanna og er staðarandi og umhverfisgæði hverfssvæðis nýtt sem undirstaða uppbyggingar

Nýlega var auglýst tillaga um nýtt deiliskipulag ásamt breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 fyrir Gufunes-svæðið í Grafarvogi. Eftir er að ganga frá endanlegum uppdráttum til staðfestingar skipulagsins áður en það tekur gildi og áður en leyfi til uppbyggingar fást.

Meginmarkmið deiliskipulags 1. áfanga er að mynda sterkan ramma almenningsvæðis utan um sveigjanlega og sjálfbæra byggðarþróun með það að leiðarljósi að skapa forsendur fyrir fjölbreytt og skapandi samfélag þar sem gott er að búa í, starfa og njóta lífsins. Þéttir og lágvaxinni randbyggð, 3–5 hæðum að meðaltali, er skeytt inn í

núverandi byggðarmynstur. RVK studios og nokkur önnur fyrirtæki tengd starfsemi í kvikmyndageiranum hefur fengið lóðarvilyrði á svæðinu og er að hefja uppbyggingu í samræmi við markmið og áherslur skipulagsins.

Nánast öll núverandi (umferðar)mannvirki og byggingar á svæðinu eru endurnýtt og notuð sem undirstaða fyrir breytt deiliskipulag. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir 105.000 m² af blandaðri starfsemi á uppbyggingarsvæðinu, þar af eru 54.000 m² íbúðarstarfsemi og 51.000 m² starfsemi önnur en íbúðarstarfsemi.

Hvert svæði byggist upp með mismunandi umhverfisgæði, starfsemi, kvarða bygginga og almenningssvæðis. Leitast er við skapa jákvæðar forsendur fyrir alla starfsemi, hljóðlát, græn og lágstemd íbúðarhverfi í bland við hefðbundnari iðnaðarhverfi. Iðnaðar- og athafnahverfi eru aðskilin græna búðarsvæðinu við sjávarsíðu sem er viðkvæmt fyrir áreiti. Á nokkrum stöðum í hverfinu er gert ráð fyrir hærri kennileitum sem með sjónásum tengja hverfið við aðra borgarluta og eyjurnar í firðinum.



Fyrirhuguð íbúðarbyggð í Gufunesi



Fyrirhuguð blönduð byggð í Gufunesi



Kvikmyndaverið og hafnarsvæðið

Meginaðkoma er um Gufunesveg sem tengir hverfin fimm saman. Vegna kröfu RVK studios um hljóðvist er bíla-umferð á Miðstræti að hafnarsvæði beint frá kvikmyndaveri þegar unnið er að kvikmyndaupptökum. Við sjávarsíðu eru samfelt stígakerfi fyrir göngu- og

hjólríðafólk. Við miðsvæðið kvislast stígurinn í tvennt, göngustígur liggur meðfram baklóð RVK studios um tangann og tengist Hafnarsvæði. Hjólríðaumferð er beint inn á miðsvæðið, um Miðstræti og að hafnarsvæði.

Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2018



Viðurkenningarhafar við Höfða að lokinni athöfn

Dóra Björt Guðjónsdóttir forseti borgarstjórnar, og Sigurborg Ósk Haraldsdóttir formaður skipulags- og samgönguráðs afhentu árlegar fegrunarviðurkenningar fyrir endurbætur á eldri húsum og fallegar lóðir

Viðurkenningar árið 2018 hljóta tvær fjölbýlislóðir, ein atvinnulóð og þrjú hús. Fyrir vandaðar endurbætur á eldri húsum: Um er að ræða hús sem annars vegar eru reist í byrjun 20. aldar og um miðja 20. öld og eru góð dæmi um húsagerð og byggingarlist síns tíma. Nýlegar endurbætur á þessum húsum hafa verið gerðar af fagmennsku og virðingu fyrir upprunalegri gerð þeirra svo að þau eru nú til mikillar þrýði.

Fríkirkjuvegur 3 Húsið var byggt árið 1905 sem íbúðarhús í stíl sem kallaður hefur verið hinn íslenski báru-

járnssveitserstíll. Höfundur hússins er ókunnur en Sigurður Thoroddsen reisti húsið fyrir sig og fjölskyldu sína. Húsið var friðað af borgarstjórn árið 1978, en það er mikilvægur hluti af einni best varðveittu götmynd frá upphafi 20. aldar og hefur mikið varðveislugildi. Breytingar og endurbætur á húsinu eru vandaðar og voru gerðar í samræmi við gerð og aldur hússins.

Nýlendugata 24 Um er að ræða íbúðarhús, byggt árið 1906 er einnig í íslenskum bárujárnssveitserstíl. Höfundur hússins er ókunnur. Húsið er hluti

af þeirri byggð sem reis norðan Vesturgötu í kringum aldamótin 1900 og fellur vel að götmynd Nýlendugötu. Húsið hefur haldið upphaflegri gerð og verið varðveitt af kostgæfni með tilliti til upprunalegs útlits.

Selvogssgrunn 23 Um er að ræða einbýlishús, teiknað árið 1957 af Sigvalda Thordarson. Húsið er í módernískum stíl og í því fá mörg af einkennum Sigvalda að njóta sín svo sem hreinar línur, afmarkaðir fletir og litaval. Endurbætur á húsinu hafa verið framkvæmdar af kostgæfni og eru í samræmi við upprunalega hönnun og stíl.

Fjölbýlislóðir

Brautarholt 7 stúdentaíbúðir Fær viðurkenningu fyrir snyrtilega og vel frágengna lóð.

Einholt 8–12 og Þverholt 19–23

fjölbýli Fá viðurkenningu fyrir gróðursæla, efnisríka og snyrtilega lóð með nægum hjólastæðum. Lóðin gerir mikið fyrir hverfið og gott flæði fyrir almenning er í gegnum hana.

Atvinnulóð

Laugavegur 120 Center Hótel

Miðgarður Fær viðurkenningu fyrir aðlaðandi og fallegt útsisvæði þar sem klöppin í holtinu skipar sérstakan sess.


Viðurkenningarnar eru veittar í samræmi við tilnefningar frá vinnuhópum sem í sátu: Björn Ingi Edvardsson, landslagsarkitekt á umhverfis- og skipulagssviði, Edda Ívarsdóttir borgarhönnuður á umhverfis- og skipulagssviði, Alma Sigurðardóttir verkefnisstjóri, Borgarsögusafni Reykjavíkur og Margrét Pormar, arkitekt skipulagsfulltrúa á umhverfis- og skipulagssviði.



Skýringarmynd af fyrir-
hugaðri legu brúar og
tengingar frá brú

Brú yfir Fossvog

Kennisnið fyrir Fossvogsbrú



Fyrr í sumar var kynnt tillaga á vinnslustigi að deiliskipulagi brúar yfir Fossvog. Að tillögunni standa Reykjavíkurborg og Kópavogsbær og er stefnt að auglýsingu á tillögunni á haustmánuðum

Í tillögunni er gert ráð fyrir um 270 m langri brú yfir vogninn frá Kársnesi að flugbrautarenda Reykjavíkflugvallar. Markmið tillögunar er að bæta samgöngutengingar milli Reykjavíkur

og Kópavogs og styðja við vistvæna samgöngukosti. Brúin verður fyrir umferð gangandi, hjólandi og almenningssamgöngur. Skipulags-svæðið tekur til þess svæðis á landi og sjó sem mun falla undir og við

fyrirhugaða brúartengingu yfir Fossvog milli Kópavogs og Reykjavíkur. Í Reykjavík liggja norðurmörk svæðisins með mörkum Reykjavíkflugvallar og í átt að Ylströndinni í Nauthólsvík. Í Kópavogi nær svæðið að deiliskipulagsmörkum Vesturvarar 38a og 38b og nær utan um fyrirhugaða landfyllingu og brúarendann. Stærð deiliskipulags-svæðisins er um 4,1 ha.

Svæðum er úthlutað til hópa og einstaklinga sem vilja gera tilraunir til að glæða þau lífi. Verkefnið stendur að jafnaði yfir frá maí til september ár hvert.

Í ár voru umsækjendur hvattir til að velta fyrir sér möguleikum almenningsrýma utan miðborgarinnar og hvernig verkefnin gætu styrkt önnur hverfi og auðgað mannlíf þeirra í takt við markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030.

Alls bárust tólf umsóknir en ákveðið var að vinna að átta verkefnum í sumar. Verkefnin voru unnin í Vesturbæ, Miðborginni og Laugardal, auk þess sem eitt verkefni flakkaði milli staða víðsvegar um borgina. Hér eru nokkur dæmi:

BOX: Skeifan

Í júní og júlí var götumarkaðurinn BOX starfandi í Skeifunni. Verkefnið var samstarfsverkefni Reykjavík Street Food ehf., Reita fasteignafélags hf. og Torg í biðstöðu. BOX-ið var skemmtilegur viðkomustaður í sumar sem stuðlaði að fjölbreyttri og blómlegri götumatarflóru í Reykjavík.

Borgarbúskapur Sólgarðar

Sólgarðar var matjurtagarður í Soltúni þar sem ræktunarkerjum var komið fyrir ásamt bekkjum og borðum.

Pocce: Vitatorg

Hugmynd verkefnisins var að útbúa Boccia velli á Vitatorgi, en torgið var sérstaklega valið þar sem það er kjörinn staður til að sameina kynslóðir; þar ganga eldri borgarar daglega í gegn og yngri fólk sækir þjónustu í kringum torgið.

Hvílustæði

Hvílustæði (parklet) er svæði þar sem bílastæði er tímabundið gefið nýtt hlutverk. Það er framlenging á gangstéttinni og er innréttuð svo það nýtist sem dvalarsvæði fyrir fólk.

Önnur verkefni nefndust:

Regnbogamálun, Kvöldfriður, Pop Up Yoga og Precious Plastic. Verkefnastjórn Torg í biðstöðu í ár var í höndum Eddu Ívarsdóttur verkefnisstjóra borg-

Torg í biðstöðu blómstraði



BOX: Skeifan



Kvöldfriður, pop up Yoga

Torg í biðstöðu verkefnið hefur verið starfrækt á torgum og almenningsvæðum í Reykjavík frá árinu 2011. Verkefnið snýst um að lífvæða og endurskilgreina svæðin með tímabundnum lausnum

arhönnunar og Ólafs Ingibergssonar sérfræðings á umhverfis- og skipulags sviði Reykjavíkur. Ráðinn var sumar-

starfsmaður til starfa við Torg í biðstöðu, Margrét Lilja Margeirsdóttir.

Loftslagsmaraþon í október



Loftslagsmaraþon er sólarhringsáskorun um nýsköpun í loftslagsmálum sem haldin er samtímis í borgum víða um heim. Viðburðurinn er skipulagður á heimsvísu af EIT Climate KIC evrópskri þekkingarmiðstöð sem vinnur að kolfnislausu hagkerfi. Hér á Íslandi er viðburðurinn skipulagður af Reykjavíkurborg og Matis ohf.

Það er fjölbreyttur hópur sem hefur tekið þátt í Climathon víða um heim, borgarbúar, frumkvöðlar, sérfræðingar, atvinnurekendur og hagsmunaaðilar. Upphafið má rekja til Parísarsamkomulagsins sem var undirritað fulltrúum frá 175 löndum árið 2015 en Ísland var eitt af þeim.

**Reykjavík
Climathon 2018
verður haldið
í annað sinn í
Reykjavík 26.10.
Verkefnið felst í
því að finna lausnir
í loftslagsmálum
fyrir borgir. Hér er
um alþjóðlegan
viðburð að ræða.**

Reykjavíkurborg tekur þátt í loftslagsmaraþoninu til að leggja málinu lið og til að vinna að nýjum hugmyndum til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga.

Climathon snýst ekki aðeins um loftslagsbreytingar heldur einnig um innblástur í gegnum nýsköpun. Þátttakendur fá tækifæri til að upplifa hvernig hugmynd verður að veruleika, hvernig tengslanet mynda og þeir fá æfingu í því að sannfæra dómnefnd. Hagsmunaaðilar geta tekið þátt og séð hvernig þeir eiga samleið með Reykjavík og verið um leið hluti af alþjóðlegri hreyfingu, taktu þátt í Climathon!

Lykilorð: Climathon, climate change, networking, business, EIT Climate kic

**Twitter: #Climathon
@RvkClimathon @Reykjavik
@MatisIceland**

Rammaskipulag Skerjafjarðar



Yfirlitsmynd, tillaga að
rammaskipulagi

Borgarráð hefur samþykkt tillögu að rammaskipulagi fyrir byggð í Nýja Skerja- firði. Í tillögunni er gert ráð fyrir byggð fyrir um 1.200 íbúðir, nýjum skóla, verslun og þjónustu

Rammaskipulagið tekur til landsvæðis sem er við enda litlu flugbrautarinnar svokölluðu sem hefur verið lokað. Svæðið liggur að núverandi byggð í Skerjafirði og afmarkast af götunni Skeljanesi til vesturs en af öryggissvæði Reykjavíkurflugvallar til norðurs og austurs. Við suðurenda byggðarinnar er síðan strandlengja Skerjafjarðar.

Rammaskipulaginu er ætlað að vera leiðarljós varðandi uppbyggingu þessa nýja hverfis á þróunarreit (P5) sem er skilgreindur í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030. Í framhaldi af samþykkt skipulagsins verður hafist handa við deiliskipulag á einstökum reitum svæðis-

ins en í kjölfar þess hefst uppbygging. Rammaskipulagið gerir ráð fyrir fjölbreyttum húsagerðum og ríkulegum, grænum almenningssrymum sem hönnuð verða út frá sólaráttum og skjóli. Hugað verður að félagslegri blöndun á svæðinu og hafa stúdentar og Bjarg, byggingarfélag verkalyðshreyfingarinnar, þegar fengið vilyrði fyrir lóðum í hinni nýju byggð.

Vanda á hönnun og gerð götugagna, lýsingar, gróðurs og yfirborðsefna. Gert er ráð fyrir leiksvæðum og dvalarsvæðum í inngörðum en þéttleiki byggðar verður nokkuð mikill á svæðinu og er því talið mikilvægt að almenningss-

Megináherslur rammaskipulags:

- Að leita vistvænna skipulagslausna fyrir svæðið
- Að koma með framsækna myndir um fyrirkomulag nýrrar 3–5 hæða borgarbyggðar með a.m.k. 800 íbúðum.
- Lögð er áhersla á heildstæðar göt myndir og borgarmiðað gatnakerfi.
- Að koma með tillögur um tengingar við helstu samgönguæðar í nágrenni við svæðið.
- Gera ráð fyrir tengingum frá fyrirhugaðri Fossvogsbrú inn á svæðið þar sem Borgarlínan mun mögulega liggja í framtíðinni.
- Að hugsa fyrir samgöngutengingum eftir að flugvöllurinn er farinn.
- Að vera meðvitað um umhverfi og auðlindir og mikilvægi nærliggjandi náttúrusvæða, strandlengjuna við Skerjafjörð og Öskjuhlíðinni.
- Að meta hvort gera eigi ráð fyrir landfyllingu og ef svo er, þá þarf að meta stærð hennar.
- Að huga að hæðarlegu m.t.t. flóðahættu í framtíðinni.
- Að gera ráð fyrir blágrænum ofanvatnslausnum með grænum geirum og gegndræpu yfirborði þar sem því verður við komið.
- Að huga að grænum tenginum við náttúrusvæði við strönd Skerjafjarðar og náttúrusvæði í friðlandinu í Vatnsmýri.
- Að hugsa fyrir samgöngutengingum eftir að flugvöllurinn er farinn úr Vatnsmýrinni.
- Að vera meðvitað um umhverfi og auðlindir og mikilvægt nærliggjandi náttúrusvæða, strandlengjuna við Skerjafjörð og Öskjuhlíðinni.



Torgmyndun við Skerjafjörð



rýmin séu vel hönnuð og góð. Fjölmörg torg og áningarsvæði verða á svæðinu. Gert er ráð fyrir að flugsögunnar verði minnst á svæðinu m.a. með svokölluðu „flugtorgi“.

Góð aðstaða verður fyrir ýmis konar sportbáta og seglskútur á svæðinu og er tiltekið að byggja eigi upp góða aðstöðu fyrir siglingaþróttina á austurhluta strandarinnar. Öll strandlengjan þarna er sólrík og hentar því vel til dvalar, útivistar, sjóbaða og siglinga.

Notast verður við blágrænar ofanvatns-

lausnir í byggingum á svæðinu og skulu 60% allra þaka verða græn en það hægir á rennsli ofanvatns. Skipulagður er grænn miðás sem liggur í átt að miðlægu torgi þar sem gert er ráð fyrir biðstöð almenningssamgangna. Í þessu græna belti verður net leikvalla og áfangastaða. Hugsað er fyrir tengingu hverfisins við áframhaldandi uppbyggingu í Vatnsmýri þegar flugvöllurinn vikur þaðan. Þá er gert ráð fyrir tengingu almenningssamgangna við Kársnes í Kópavogi með byggingu brúar yfir Fossvog fyrir gangandi, hjólandi og almenningsamgöngur.

Sérstaklega var hugað að eftirfarandi atriðum við vinnslu rammaskipulagsins:

- Að tryggja gott samspil almenningssvæða, bygginga og nærumhverfis
- Að geta boðið upp á fjölbreyttar gerðir íbúða hvað varðar stærðir og útlit.
- Að gera ráð fyrir eðlilegu hlutfalli atvinnuhúsnæðis fyrir verslun, þjónustu, menningarstarfsemi og mögulega aðra atvinnustarfsemi.
- Að staðsetja samþættan leik- og grunnskóla á svæðinu.
- Að skoða afmörkun svæðisins með tilliti til afmörkunar annara deiliskipulagsáætlaða, t.d. deiliskipulag fyrir Fossvogsbrú.

Góð reynsla af samvinnu við íbúa miðborgar



Hverfisgöngur sem þessar eru aðferð til að leita samráðs við íbúa og þá sem eru starfandi í ákveðnu hverfi, götu eða hverfishluta um hvernig þeir upplifi nærumhverfið, t.d. með tilliti til öryggis, útiveru, aðgengi að þjónustu o.s.frv. Þátttakendur geta auk íbúa verið kjörnir fulltrúar, embættismenn, starfsfólk sveitarfélags á umhverfissviði og aðrir sem bera ábyrgð á hvernig nærumhverfið lítur út. Það felur í sér að fólk gengur saman um hverfið, eftir fyrirfram ákveðinni leið og skoðar hvernig umhverfið lítur út með tilliti til öryggis og lífsgæða og ræðir hvaða úrbóta sé þörf.

Umgengni hefur batnað mikið

Fyrsta UmHverfisganga Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur var gengin

UmHverfisgöngur eru tilraunaverkefni íbúasamtaka Miðborgar í samstarfi við verkefnisstjóra miðborgarmála. Þetta eru göngur um afmörkuð svæði eða götur í hverfinu og er tilgangur þeirra að vera samráðsvettvangur borgaryfirvalda við íbúa til að bæta umhverfi þeirra. Reykjavíkurborg styrkir verkefnið

16. ágúst 2017 um lónaðamannareit, sunnan Skólavörðustígs neðanverðs. Þarna er blönduð byggð, íbúa og fyrir-tækja, borgareignir og eignir í eigu

almennings, veitingastaðir og ferðamannagisting svo nokkuð sé nefnt og vegna fjölbreytileikans þótti þetta svæði ákjósanlegt til að gera þessa fyrstu



tilraun. Lðnaðarmannareitur er sunnan Skólavörðustígs og markast af Skólavörðustíg, Bergstaðastræti og Ingólfsstræti.

Eftir gönguna var skipað þriggja manna teymi sem tók að sér að fylgja þeim úrbótum eftir sem nauðsynlegar eru en reynt var að færa allt sem fundið var að til betri vegar. Hreinsun var bætt en umgengni um reitinn hefur batnað mikið og er það líklega vegna þess að allt krot hefur verið fjarlæggt og því virkar reiturinn hreinni og færri finna hvöt hjá sér til að henda á hann rusli.

Lýsing var bætt og fólk sem býr og starfar á reitnum finnur til meira öryggis en í fyrri og eru helstu ástæðurnar þær að tekist hefur að uppræta veggjakrotið og girðing hefur minnkað ráp um svæðið. En að frumkvæði rakarans Antonios á Skólavörðustíg 6b var reist há bárujárnsgirðing og hefur hún sannað gildi sitt því hún hefur að mestu komið í veg fyrir ráp og mannsöfnuð á þessu svæði. Íbúar hafa lagt fram hugmyndir um varanlega girðingu sem einnig stenst kröfur um góða ásýnd.

Veggjakrot var viðvarandi vandamál á svæðinu. Gerður var samningur við fyrir-tækið *Allt af* um að hreinsa svæðið og vakta það og var það gert með stuðningi Reykjavíkurborgar. Nú er ekkert krot eftir á svæðinu nema á gafl Ingólfsstrætis 5.

Göngur til góðs

Matsganga var farin á Lðnaðarmannareit þann 27. júní 2018 og tóku fulltrúar umhverfis og skipulagssviðs, hverfis-miðstöðvar við Njarðargötu, þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, verkefnastjóra miðborgarmála og Bílastæðasjóðs þátt í göngunni ásamt íbúum og rekstraraðilum.

Þar sem dræm þátttaka íbúa var í umhverfisgönguna var gerð könnun með því að senda út spurningalista á þá sem eru á netfangalista verkefnisins og var svörunin ágæt. Göngufólk og þeir sem svöruðu könnuninni voru sammála um að ástandið á reitnum hefði batnað mikið og voru einkum tvær ástæður fyrir því, annarsvegar hefði nánast tekist að útrýma veggjakroti á reitnum en það var mikið fyrir en hinsvegar að reist hafði verið mannheld girðing á lóðamörkum

sem kom í veg fyrir ráp og ágang fólks sem stundaði næturlíf í Ingólfsstræti.

Það er mál manna á Lðnaðarmannareit að verkefnið *Umhverfisganga* hafi orðið þeim sem þar búa og starfa til góðs. Verkefnið hefur orðið til þess að stytta boðleiðir milli allra þessara aðila og því er einfaldara að takast á við þau mál sem upp munu koma í framtíðinni.

Námskeið um blágrænar ofanvatnslausnir

Endurmenntun HÍ heldur námskeið í samstarfi við Reykjavíkurborg, Veitur, Alta og CIRIA um ofanvatnslausnir í september og nóvember. Framúrskarandi kennarar. Það er æskilegt að allir sem ætla að starfa á þessum vettvangi taki þessi námskeið.
www.endurmenntun.is

EVROPSKISAMGÖNGUVIKA

16.–22. SEPTEMBER 2018



#samgönguvika
#mobilityweek

Veljum fjölbreytta ferðamáta!

Umhverfis- og skipulags-
svið Reykjavíkurborgar

www.reykjavik.is/usk
[www.borgarvefsja.
reykjavik.is/skipulagssja/](http://www.borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/)

Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Sími: 411–1111
skipulag@reykjavik.is

Ábyrgðarmaður:
Ólöf Örvarsdóttir

Ritstjórar:
Björn Ingi Edvardsson
Elínborg Ragnarsdóttir
Gunnar Hersveinn Sigursteinsson

Hönnun og umbrot:
Vinnustofa Atla Hilmarssonar



Reykjavíkurborg

Forsíðumynd:
Gunnar Hersveinn
Prentun: Prentmet –
Svansvottuð prentsmíðja